Skólaráð Smáraskóla

Fundur haldinn rafrænt á TEAMS þriðjudaginn 2. febrúar 2021 kl. 08:10-09:00.

Mætt: Börkur Vígþórsson skólastjóri stýrði fundi, Kristín Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri og áheyrnarfulltrúi ritaði fundargerð, Valtýr Bergmann fulltrúi foreldra, Guðlaug Harpa Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúi kennara, Hrefna B. Óskarsdóttir fulltrúi kennara, Berglind Brynjarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eysteinn Pétur Lárusson fulltrúi grenndarsamfélags, Salka Högnadóttir fulltrúi nemenda (10.bekk).

Efni fundar:

1. Skóladagatal 2021-22. Tillögu að skóladagatali á að skila til menntaráðs fyrir 15. febrúar. Meðfylgjandi fundarboði voru fylgiblað með skóladagatalinu og nánari útskýringar. Skóladagatalið var rætt á kennarafundi í síðustu viku og í framhaldi af þeim fundi er hér tillaga að skóladagatali næsta skólaárs. Börkur útskýrði forsendur fyrir skóladagatali og fór yfir hvernig það er sett upp. Vetrarfrí og skipulagsdagar eru að mestu leyti samræmd innan grunnskóla í Kópavogi og að hluta til á milli hverfa (saman í hverfi Smáraskóla, Salaskóli, Lindaskóli). Skólaráð samþykkir þessa tillögu að skóladagatali fyrir næsta skólaár.

2. Óskað er eftir áliti á banni við vinstri beygju inn á Dalsmárann til austurs frá götu neðan við Smáraskóla. Ekki er að svo stöddu gert ráð fyrir að farið verði í frekari breytingar á þessum gatnamótum annað en að skilti verði komið fyrir sem bannar umrædda beygju. Eysteinn fjallar um álag á þessum litlu gatnamótum á álagstímum. Vitað er til þess að góð reynsla er af sambærilegu við Ásgarð í Garðabæ. Valtýr leggur til að bann verði á umræddri beygju, en aðeins á tilteknum tímum dags og þá með skýrum merkingum eins og t.d. ljósaskilti (eins og er við Sprengisand í Reykjavík). Skólaráð gerir það að tillögu sinni að umrætt bann verði hluta dags, á álagstímum, og með skýrum merkingum/skiltum. Börkur mun taka sama tillögu og bera undir skólaráð í tölvupósti áður en sent til umferðardeildar Kópavogsbæjar.

3. Umræður um skólastarf á covid tímum. Það er mikilvægt að fá umræðu fulltrúa aðila skólasamfélagsins um hvernig upplifunin hefur verið á skólahaldi á þessum sérstöku tímum og ábendingum um hvað betur mætti fara ef framhald verður á, eða ef þessi staða kemur aftur upp. Fulltrúi nemenda segir að nemendum hafi almennt liðið vel og gengið vel, en þó hafa nemendur fundið fyrir auknum kvíða og streitu og saknað samskipta við vini sína. Foreldrafulltrúar telja foreldra almennt sátta og þakkláta fyrir það skipulag sem hefur verið og gert skólahald kleift á erfiðum tímum. Kennarar telja skólahald almennt hafa gengið vel en flestir séu þó fegnir að vera komnir í rútínu með frekari tilslökunum. Eitt af því sem við höfum lært af aðlöguðu skólahaldi gæti verið það að nýta tæknina í auknum mæli.

4. Önnur mál:

    - Valtýr spyr um fundargerðir skólaráðs og ýtir á að þær verði settar á heimasíðu skólans fyrir næsta fund.

    - Guðlaug spyr um skólalóðina, hvort standi til að endurbæta hana. Ber saman við skólalóð Salaskóla þar sem er hreystivöllur, tveir fótboltavellir og fleiri leiktæki, einnig útikennslusvæði. Börkur þekkir ekki til að áætlanir séu um endurbætur eða tilteknar framkvæmdir á skólalóð. Nefnir að fyrir nokkru síðan hafi verið búið að teikna upp endurbætur á skólalóð, m.a. með útikennslusvæði o.fl. Hrefna bætir við að útikennslusvæði við Digraneskirkju er orðið mjög flott og getur nýst á skemmtilegan hátt.

- Börkur segir frá að hugmyndir séu um endurnýjun og stækkun skólaeldhúss, þannig að hægt sé að elda mat frá grunni í skólanum. Þegar það mál þróast frekar verður það kynnt fyrir skólaráði.
- Fulltrúi nemenda kemur því á framfæri að 6.-7. bekkur hafi óskað eftir fleiri sparkvöllum. Malbiksvellir séu ekki þægilegir til fótboltaiðkunar.
- Eysteinn nefnir að nemendur sæki á gámasvæði við Smárann og m.a. hoppi þar á milli gáma með tilheyrandi slysahættu, þetta þarf að athuga. Eysteinn bíður einnig „pönnuvelli“ til láns, þeir standa að mestu leyti ónotaðir yfir veturinn. Frábær hugmynd og kærar þakkir, alveg mögulegt að skólinn geti nýtt það.
- Valtýr spyr um aðgengi að skólahúsnæðinu, ekki síst eftir nýlegt alvarlegt atvik í Borgarholtsskóla sem komst í fréttir. Börkur segir frá því að starfsmenn eru auðkenndir. Skýrar línur hafa verið settar um aðgengi, gestir eiga að gera vart við sig á skrifstofu og fá gestapassa. Ef gestir ganga ómerktir um skólann gefa starfsmenn sig að viðkomandi og spyrja um erindi. Eftirlitsmyndavélar eru virkar eins og sagt hefur verið frá áður.
- Fulltrúar nemenda höfðu komið á framfæri ósk um að fá dömubindi og túrtappa á salerni og hafa nú séð að verið er að vinna í því og þakka fyrir það fyrir hönd nemenda, segja gott að finna að hlustað sé á raddir nemenda.